



Endurskoðun á lögum um rammaáætlun

– um skýrslu starfshóps ráðherra frá nóvember 2024

Erindi flutt af Hilmarí Gunnlaugssyni, formanni
starfshópsins,

á opnum fundi Samorku: *Út fyrir rammann?*

þann 14. janúar 2025

NÓVEMBER 2024
Stjórnarráð Íslands

ENDURSKOÐUN Á LÖGUM UM RAMMAÁÆTLUN

SKÝRSLA STARFSHÓPS



Starfshópur um endurskoðun rammaáætlunar

- Starfshópurinn skipuðu: Hilmar Gunnlaugsson formaður, Björt Ólafsdóttir fyrrv. umhverfísráðherra og Kolbeinn Óttarson Proppé fyrrv. alþingismaður.
- Starfshópurinn hóf störf í lok janúar 2024.
- Um 50 fundir, 20 umsagnir í samráðsgátt, samráð við helstu hagaðila, fundað með sérfræðingum, ferð til Noregs.
- Byggt á miklu samráði vindorkustarfshóps sem sömu einstaklingar skipuðu.
- Málþing um framtíð rammaáætlunar í mars 2024



NÓVEMBER 2024
Stjórnarráð Íslands



**ENDURSKOÐUN
Á LÖGUM UM
RAMMAÁÆTLUN**

SKÝRSLA STARFSHÓPS

Afurð vinnu starfshópsins

- Starfshópurinn skilar ítarlegri skýrslu, þar sem rakin er forsaga, aðdragandi og framkvæmd rammaáætlunar á Íslandi.
 - sérstakur viðauki um framkvæmdina í Noregi og þróun hugmyndafræði rammaáætlunar og tillagna.
- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, ásamt greinargerð
- Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 530/2014 um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun.
- Skilað til ráðherra í nóvember 2024

Rammaáætlunarhugmyndin - forsaga

- hugmyndin sótt til Noregs, en útfært öðruvísi
- Noregur:
 - tvær áætlanir, verndun annars vegar og nýting hins vegar
 - aðstæður í Noregi, virkjuðu meira fyrr, byrjuðu fyrr með verndaráætlun
 - hlutverk hinnar norsku orkustofnunar (NVE)
 - rammaáætlun (nýting) samþykkt fyrst 1986
 - rammaáætlun lauk formlega 2016 og kerfið var þá aflagt

Rammaáætlun, kostir og gallar

Helstu kostir

- hefur stuðlað að grunnrannsóknnum
- mat virkjunarkosta unnið á faglegan hátt,
- tryggir yfirsýn, festu/samanburð og jafnræði
- hefur áunnið sér almennt traust
- ákvarðanir teknar af Alþingi

Helstu gallar

- hefur ekki náð að setja niður deilur
- óskilvirkt ferli og þungt í vöfum
- unnið á forsendum virkjanahugmynda
- framkvæmd brotakennd
- kröfur til gagna óskýrar
- faghópar of sjálfstæðir
- ekkert aðhald að ráðherra
- of margir kostir í einum pakka, pólitísk hrossakaup?

Valkostir

Allir möguleikar skoðaðir, þar á meðal:

- 1) rammaáætlun verði lögð af
- 2) nýtt kerfi
- 3) ekkert sérstakt kerfi, stuðst við önnur lög

Niðurstaðan var að halda rammaáætlun en auka skilvirkni:

24 mánuðir frá því að virkjunarhugmynd er send Orkustofnun þar til ráðherra á að leggja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi

Helstu tillögur

- i. Lögð eru til skýrari markmið, skilgreiningar og hugtakanotkun í lögnum
- ii. Gerðar verði skýrari kröfur til gagna og upplýsinga og málsmeðferðar við ferli rammaáætlunar.
- iii. Ferli rammaáætlunar verði í auknum mæli samfelluverkefni en eigi sér ekki einungis stað á fjögurra ára fresti.
- iv. Skilvirkni rammaáætlunar verði aukin með fastákveðnum tímafrestum allra þeirra sem koma að málum.
- v. Gert verði ráð fyrir einu samráðsferli hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar í stað tveggja eins og nú er.
- vi. Frestur sveitarstjórna til ákvörðunar um landnotkun samkvæmt lögnum verði stytur.
- vii. Heimild og skylda verkefnisstjórnar rammaáætlunar til að afmarka verndarsvæði í áætluninni verði skýr og ótvíræð.
- viii. Ráðherra verði heimilt á grundvelli skilyrða að veita undanþágu til matsskyldra rannsókna á virkjunarhugmyndum þegar virkjunarkostur er í biðflokki áætlunarinnar. Kallað hefur verið eftir slíku úrræði til að unnt sé að þróa jarðhitakosti sem komnir eru í biðflokk.
- ix. Gerð verði krafa um að mat á áhrifum á vatnshlot samkvæmt vatnalögum liggi fyrir áður en virkjunarhugmynd verður flokkuð í nýtingarflokk áætlunarinnar.
- x. Farið verði í tímabundið átak í greiningu og forgangsröðun á landsvæðum með tilliti til verndar fyrir raforkuframleiðslu.

Næstu skref

Samráðsgátt til 1. febrúar 2025

Ákvörðun nýs þings / ráðherra / ríkisstjórnar